



7. mars 2023
Tilv.:2303052

Dreifibréf nr.: 7/2023

Til rekstraraðila markaða og veitenda gagnaskýrsluþjónustu

Efni: Viðmiðunarreglur ESMA um stjórn rekstraraðila markaða og veitenda gagnaskýrsluþjónustu

Evrópska verðbréfaeftirlitsstofnunin (ESMA) hefur gefið út viðmiðunarreglur um stjórn rekstraraðila markaða og veitendur gagnaskýrsluþjónustu.¹ Viðmiðunarreglurnar snúa að tilteknum atriðum í 45. og 63. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (endurútgefin) (MiFID II). Umrædd ákvæði tilskipunarinnar voru innleidd í íslensk lög með lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga (mfl.), nánar tiltekið í 79. - 81. og 108. gr. laganna.

Tilgangur viðmiðunarreglnanna er meðal annars að útfæra nánar tiltekin atriði sem horfa á til við mat á hæfi nýrra stjórnarmanna eða við mat á hæfi sitjandi stjórnarmanna. Auk þess fjalla viðmiðunarreglurnar um samsetningu stjórnna og veita leiðbeiningar um varðveislu gagna sem varða fyrrgreind ákvæði tilskipunarinnar.

Viðmiðunarreglurnar eru settar fram í átta köflum þar sem kaflar eitt til sjö útfæra nánar tiltekin skilyrði í ofangreindum ákvæðum auk þess sem kaflar átta veitir leiðbeiningar um varðveislu gagna.

Kaflar eitt og tvö útfæra frekar þær almennu kröfur sem gerðar eru til stjórnarmanna um að verja fullnægjandi tíma í störf sín, þ.m.t. hvernig taka skal tillit til annarra starfa sem viðkomandi sinnir samhliða stjórnarstörfum.

Í köflum þrjú til fimm eru almennar kröfur útfærðar er varða mat á hæfi viðkomandi aðila til að geta sinnt stjórnarstörfum á tilhlýðilegan hátt svo sem um þekkingu, hæfni, reynslu, heilindi, fagmennsku og sjálfstæði í hugsun.

Kaflar sex og sjö eiga aðeins við um rekstraraðila markaða en þar er fjallað um hvernig uppfylla megi kröfur um að verja fullnægjandi fjármunum til að kynna starfsemi rekstraraðilans fyrir stjórnarmönnum, tryggja að þeir hljóti viðeigandi þjálfun til stjórnarsetunnar og hvernig uppfylla megi kröfur um að stefna um val á stjórnarmönnum tryggi nægjanlega fjölbreytni í stjórninni.

¹ *Guidelines on the management body of market operators and data reporting services providers. (ESMA70-154-271)*

Kafli átta inniheldur upptalningu á upplýsingum sem rekstraraðilar markaða og veitendur gagnaskýrsluþjónustu skulu skjala, varðveita og hafa tiltækar í tengslum við ofangreindar skyldur.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum.

Dreifibréf þetta verður birt á heimasíðu Seðlabankans ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands mun framvegis styðjast við viðmiðunarreglurnar við eftirlitsframkvæmd og er því beint til rekstraraðila markaða og veitenda gagnaskýrsluþjónustu að kynna sér efni þeirra og styðjast við þær í starfsemi sinni eftir því sem við á.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Björk Sigurgísladóttir
framkvæmdastjóri
háttsemiseftirlit

Aðalsteinn Eymundsson
sérfræðingur
háttsemiseftirlit

